

# Fasteignaskattur í Þingeyjarsveit

## Álagning gjalda 2024

### 1. gr.

Fasteignaskattar:

- 0,625% af fasteignamati:  
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:  
Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:  
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Gjalddagar eru átta: 1. feb. 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september og eindagi 3. dag næsta mánaðar. Álagning sem er 20.000 kr. eða lægri er innheimt með einum gjalddaga þann 1. apríl.

Reglur um afslætti af fasteignaskatti:

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði að hluta, eða fullu, hjá elli og örorkulífeyrisþegum sem búa sér í eigin húsnæði enda sé íbúðarhúsnæðið ekki notað til útleigu eða annarra nota.

Afsláttar njóta þeir;

- sem verða 67 ára á árinu eða eldri.
- sem eru orðnir örorkulífeyrisþegar fyrir 1. janúar 2024.

Ef um hjón eða samskattað sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur eða örorka þess lífeyrisþega sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.

100% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur allt að kr. 6.232.220.-

Hjón með árstekjur allt að kr. 8.637.640.-

80% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 6.232.221 til kr. 7.106.920.-

Hjón með árstekjur frá kr. 8.637.641 til kr. 9.621.680.-

50% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 7.106.921.- til kr. 8.200.290.-

Hjón með árstekjur frá kr. 9.621.681.- til kr. 10.059.030.-

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfallið.

*Álagningin er samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundum hennar  
þann 30.11.og 14.12.2023*

Í gildi frá 1. janúar 2024.

---

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir  
sveitarstjóri